

Stutt samantekt um MRCP Part 2 Clinical - PACES prófið:

Í sérnámi í almennum lyflækningum er ætlast til að sérnámslæknar taki þrjú próf sem lið í því að fá MRCP (UK) Diploma og standast „Specialty Certificate Examinations“, en einnig til þess að klára fyrstu þrjú árin í íslenska sérnáminu.

MRCP (UK) stendur fyrir „Membership of the Royal Colleges of Physicians of the United Kingdom“ og PACES stendur fyrir „Practical Assessment of Clinical Examination Skills“. Prófin eru eftirfarandi:

MRCP (UK) Part 1 MRCP (UK) Part 2 Written MRCP (UK) Part 2 Clinical (PACES)

Fyrstu tvö prófin eru skrifleg og hægt er að taka þau á Íslandi. Flestir nýta sér spurningabanka á netinu (s.s. Pastest) til að búa sig undir þau próf en einnig eru ýmsar bækur til.

PACES er síðasta prófið og er verklegt en það er ekki hægt að taka á Íslandi. Allir í íslenska sérnáminu sem gengist hafa undir það próf hafa hingað til ferðast til Bretlands, flestir til London. Prófið er verklegt og inniheldur 5 stöðvar en prófið er reyndar að gangast undir breytingar sem stendur. Á hverri stöð eru tveir prófdómarar og „sjúklingur“ eða „medical actor“.

Pass rate er ekki hátt en um 60% af UK sérnámslæknum ná prófinu og 40% sérnámslækna utan UK - sjá yfirlit og tölfræði fyrir niðurstöður prófa hér:

<https://www.mrcpuk.org/sites/default/files/documents/PACES%202019%20Annual%20Performance%20Report.pdf>

Prófið sjálft tekur alls um 120 mín og hefur haft eftirfarandi snið:


Stöð 1: Skoðunarstöð. Abdomen og Respiratory, 6 mín hvor skoðun og 4 mín kynning á sjúklingi/umræður við prófdómara.

Stöð 2: History taking. Sögutaka við sjúkling og kynning/umræður við prófdómara.

Stöð 3: Skoðunarstöð. Cardiovascular og Neurology, 6 mín hvor skoðun og 4 mín kynning á sjúklingi/umræður við prófdómara.

Stöð 4: Ethics. Viðtal við aðstandenda eða sjúkling og svo umræður við prófdómara.

Stöð 5: Brief clinical consultations. Þetta er stöð með tveimur 10 mínútna klínískum tilfellum sem tekur til sögutöku, skoðunar, greiningar og niðurstöðuviðtals við sjúkling þá 8 mínútum og í kjölfarið er kynning á tilfellinu og spurningar prófdómara á 2 mínútum. Þetta hefur lengi verið talin afar erfið stöð og mikilvægt að æfa sérstaklega fyrir hana. Hér þarf að taka hnitmiðað viðtal við sjúkling, framkvæma hnitmiðaða líkamsskoðun, finna rétt teikn, túlka á réttan hátt, finna rétta greiningu og útskýra fyrir sjúklingi, ræða hugmyndir sjúklings, áhyggjur og ótta og útskýra næstu skref fyrir sjúkling, allt á 8 mínútum. Í kjölfarið í 2 mínútur þarf að kynna tilfellið og greiningu, ræða mismunagreiningar og meðferðarplan og svara spurningum. Strax á eftir fylgir annað tilfelli með sama sniði.



Sjá:

<https://www.mrcpuk.org/mrcpuk-examinations/paces>

Það eru 7 “skills” sem þarf að ná til að standast PACES prófið, og matsblöðin sem prófdómarar fylla út endurspeglu þá. Þessir sjö flokkar eru aldrei allir prófaðir á sömu stöð, nema Station 5 sem prófar alla flokkana og þannig er flest stig að fá fyrir þá stöð.

The seven skills are:

- A Physical Examination
- B Identifying Physical Signs
- C Clinical Communication
- D Differential Diagnosis
- E Clinical Judgement
- F Managing Patients’ Concerns
- G Maintaining Patient Welfare

Flestir falla á “B Identifying Physical Signs” svo það er mjög mikilvægt að æfa skoðun og æfa sig í að finna teiknin snemma og sjá sem flesta sjúklinga með tekn.

Matsblöðin fyrir prófin má finna hér:

<https://www.mrcpuk.org/sites/default/files/documents/PACES-marksheets.pdf>

Please record your judgement for this candidate's performance on each of the clinical skills noted below. Any award of an unsatisfactory or borderline mark MUST be accompanied by comments.				Counselling recommended <input type="checkbox"/>
Clinical skill	Satisfactory	Borderline	Unsatisfactory	COMMENTS
Physical Examination (A) Correct Thorough Fluent Systematic Professional technique of palpation, percussion and auscultation of the chest	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> Incorrect techniques Omits significant or important tests Unsystematic Hesitant and lacking in confidence Unprofessional	
Identifying Physical Signs (B) Identifies correct physical signs Does not find signs that are not present	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> Misses important physical signs Finds signs that are not present	
Differential Diagnosis (D) Constructs a sensible differential diagnosis, including the correct diagnosis	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> Poor differential diagnosis Fails to consider the correct diagnosis	
Clinical Judgement (E) Selects a sensible and appropriate management plan	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> Unfamiliar with correct management plan Selects inappropriate management	
Maintaining Patient Welfare (G) Treats patient respectfully and sensitively and ensures comfort, safety and dignity	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> Causes patient physical or emotional discomfort Jeopardises patient safety	

Sjá að ofan dæmi um matsblað fyrir „Respiratory“ skoðunarstöð:



Til stendur að prófið breytist 2022 en breytingarnar áttu upphaflega að verða í september 2020 en var frestað vegna SARS-CoV-2 faraldurs og COVID-19. Station 3 verður eins og skoðunarhlutinn verður áfram óbreyttur, en Station 5, sögutökustöðin og ethics stöðin breytast.

Bára Dís Benediksdóttir, MD
MRCP (UK)

Berglind Bergmann, MD
MRCP(UK)

Febrúar 2021

Tilgangur breytinganna er að gera prófið sanngjarnara en Station 5 hefur lengi þótt erfið og þung stöð. Station 5, með tveimur 10 mínútna klínískum tilfellum sem tekur til sögutöku, skoðunar, greiningar og niðurstöðuviðtals við sjúkling þar sem hugmyndir, ótti og væntingar eru ræddar, þótti vera of erfið. Þá kemur í staðinn tvö „consultation“ 20 mínútna tilfelli í anda Station 5 og sögutakan og siðfræðihlutinn taka líka smávægilegum breytingum og verða að „communication“ stöðvum. Skoðunarstöðvar verða áfram eins.

Sjá einnig: <https://www.mrcpuk.org/PACES2020>